

Ársskýrsla Skátafélagsins Vífils starfsárið 2017

Skátafélagið Vífill
Jötunheimum
Bæjarbraut 7
210 Garðabæ

Sími 565 8820, 565 8989

Netfang: vifill@vifill.is

Veffang: www.vifill.is

2017/febrúar

Ábyrgð: Stjórn skátafélagsins Vífils

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1 Stjórn, starfsmenn og foringjar	5
1.1 Stjórn og starfsmenn	5
	6
1.2 Sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar	6
Fararstjórn á skátamót	7
Sumarnámskeið	8
	8
2. Samstarf við Garðabæ, BÍS og HSG	9
2.1 . Samningur um skátastarf í Garðabæ	9
2.2. Skátafélag á réttri leið	9
2.3. Samstarf við HSG	9
3. Skátastarf	10
3.2. Fjöldi skáta	11
3.3. Bakland	12
3.4. Húsnæði og búnaður	13
3.5. Dagbók Vífils 2017	14
4. Skýrslur skátasveita	24
4.2. Drekaskátar 7-9 ára. Furðufuglar	24
4.3. Fálkaskátar 10-12 ára	25
4.4. Dróttskátar 13-15 ára – DS. Rúbix	27
4.5. Rekkaskátasveitin RS. Islandus	29
4.6. Róverskátar 19-25 ára	30
5. Skýrslur fastanefnda	31
5.2. Húsnefnd	31
5.3. Skálanefnd	35
5.4. Fræðslu- og kynningarráð	35
6. Sumarstarf Vífils	36

Inngangur

Skátafélagið Vífill í Garðabæ var stofnað 20. apríl 1967 og fagnaði því fimmtíu ára afmæli sínu á sumardaginn fyrsta sem bar einmitt upp á 20. apríl 2017.

Félagið er aðili að Bandalagi íslenskra skáta (BÍS). Skátastarfið fer fram í eigin húsnæði, Jötunheimum að Bæjarbraut 7. Útilíf skátanna fer að mestu fram í nágrenni Jötunheima og við skátaskálann Vífilsbúð sem stendur sunnan við Heiðmörk.

Árið 2017 var sextánda starfsár félagsins samkvæmt þjónustusamningi við Garðabæ. Samningurinn kveður á um áherslur í skátastarfi í bænum og var styrkur til félagsins hækkaður myndarlega við undirritun hans. Ársskýrslan er aðlöguð þessum samningi við Garðabæ þar sem m.a. kveðið er á um að fram komi nákvæmar tölur um fjölda þátttakenda í skátastarfi. Skýrslan skýrir, eins og áður, frá starfi almanaksársins, hverjir voru foringjar og aðrir verkefnastjórar.

Ef litið er til baka yfir árið ber hæst afmælisfagnaður, vel heppnuð sumarnámskeið og þátttaka margra Vífla í *World Scout Moot*. Í árslok voru fulltrúar félagsins boðaðir á fund með bæjarstjóra vegna undirbúnings skálabyggingar og er það verkefni loksins að fara af stað.

Því miður hefur fækkað í félaginu bæði í yngri sveitum og aldurshópnum 13. - 17 ára. Foringjastöður eru vel mannaðar og almennt gengur starfið mjög vel.

1 Stjórn, starfsmenn og foringjar



Félagsráð á fundi í janúar 2018

1.1 Stjórn og starfsmenn

Ný stjórn Vífils tók til starfa eftir aðalfund félagsins, sem haldinn var 24. febrúar 2017. Engin breyting varð á stjórninni. Stjórnin fundaði 11 sinnum á árinu 2017.

Stjórn:

Félagsforingi	Hafdís Bára Kristmundsdóttir
Aðstoðarfélagsforingi	Gísli Örn Bragason, Hildur Hafsteinsdóttir og Thelma Rún van Erven skiptu með sér stöðunni.
Gjaldkeri	Guðbjörg Þórðardóttir
Ritari	Hildur Hafsteinsdóttir, Thelma Rún van Erven
Meðstjórnandi	Dögg Gísladóttir
Meðstjórnandi	Thelma Rún van Erven
Meðstjórnandi	Kristín Ósk Sævarsdóttir Hrafnhildur Sigurðardóttir
Tengiliður sjálfboðaliðastarfs	Unnur Flygenring

Starfsmenn:

Dögg Gísladóttir - skrifstofa
Jóhanna Þorgrímsdóttir - ræstingar og umsjón
með sal

Endurskoðendur:

Björn Hilmarsson
Karl Rúnar Þórsson

Umsjónarmaður fasteigna

Brynjar Hólm Bjarnason

Formaður húsfélags

Björn Hilmarsson

Húsnefnd: Jóhann S. Erlendsson
Sverrir Magnússon

Skálanefnd: Húsnefndarmenn sinntu skálanum ásamt baklandi

Fræðslu- og kynningarráð: Kristín Ósk Sævarsdóttir



Gestir í afmælisfagnaði í apríl

1.2. Sveitarforingjar og aðstoðarsveitarforingjar

Vífill býr að sterkum hópi foringja og aðstoðarforingja sem margir hverjir hafa verið virkir skátar frá barnsaldri. Gætt er að því að sveitarforingjar séu eldri en 18 ára og uppfylli reglugerð um hæfi sveitarforingja. Foringjahópurinn er á breiðu aldursbili en hann skipa skátar á aldrinum 19. til 52 ára. Ánægjulegt er að margir foringjar hafa gegnt stöðum sínum um nokkurra ára skeið og skapar það stöðugleika. Foringjar þiggja ekki laun fyrir starf sitt en félagið færir þeim jólagjöf og sumargjöf fyrir vel unnin störf. Þeir greiða ekki félagsgjöld. Félagið greiðir öll námskeiðsgjöld fyrir foringja enda nýtast námskeiðin þeim í foringjastarfinu. Foringjaráð fundar einu sinni í mánuði undir stjórn aðstoðarfélagsforingja og starfsmanns. Nokkrum sinnum á önn enda foringjaráðsfundir á hópefli þar sem hópurinn gerir eitthvað skemmtilegt saman.



Stöður sveitarförlngja og aðstoðarsveitarförlngja voru svo skipaðar árið 2017:

Sveitarförlngjar vor 2017

Anna Margrét Þorsteinsdóttir
Atli B. Bachmann
Christa Hörpudóttir
Gísli Örn Bragason
Guðbjörg Lilja Sveinsdóttir
Jón Egill Hafsteinsson
Kristín Helga Sigurðardóttir
Kristín Ósk Sævarsdóttir
Salbjörg Kristín Sverrisdóttir

Aðstoðarsveitarförlngjar vor 2017

Arnar Breki Eyjólfsson
Eva Lára Einarsdóttir
Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir
Halldór Fannar Sveinsson
Inga Lilja Þorsteinsdóttir
Laufey Erla Pétursdóttir
Stefán Gunnarsson
Úlfur Kvaran

Sveitarförlngjar haust 2017

Atli B. Bachmann
Arnar Breki Eyjólfsson
Christa Hörpudóttir
Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir
Halldór Fannar Sveinsson
Hjálmar Hinz
Huldar Hlynsson
Kristín Ósk Sævarsdóttir
Urður Björg Gísladóttir

Aðstoðarsveitarförlngjar haust 2017

Anna Margrét Þorsteinsdóttir
Jóhanna María Bjarnadóttir
Hrafnhildur Sigurðardóttir (stuðningur við drekasveit)
Laufey Erla Pétursdóttir
Úlfur Kvaran

Fararstjórn á skátamót

Drekaskátamót:

Christa Hörpudóttir

Skátamót í Noregi í júlí 2017:

Thelma Rún van Erven og Jón Egill Hafsteinsson



Hellaskoðun í félagsútilegu

Sumarnámskeið

Umsjón sumarnámskeiða Vífils

Tryggvi Bragason
Chantal Ösp van Erven
Jón Egill Hafsteinsson

Starfsmenn úr bæjarvinnu:

Arnar Breki Eyjólfsson
Fjóla Ósk Guðmannsdóttir
Huldar Hlynsson
Natalía Ýr Hjaltadóttir
Renata Birna Einarsdóttir
Sóley Björk Þorsteinsdóttir
Stefán Gunnarsson
Vala Kolbrún O Sverrisdóttir
Þorsteinn Ingi Júlíusson

Starfsmenn úr vinnuskóla:

Anna Kristín Sturludóttir
Arndís Björk Arnarsdóttir
Arndís Halla Laxdal
Eva Sóley Björgvinsdóttir
Jónas Orri Daníelsson
Oddný Þóra Konráðsdóttir
Sigþór Hákonarson
Sigurgeir Daði Eyþórsson
Snædís Agla Baldvinsdóttir
Þórunn Lúðvíksdóttir



Fjölbreyttir leikir á sumarnámskeiðum

2. Samstarf við Garðabæ, BÍS og HSG

2.1. Samningur um skátastarf í Garðabæ

Í afmælishófi félagsins laugardaginn 22. apríl sl. var skrifað undir nýjan samstarfssamning við Garðabæ. Í samningnum er kveðið á um hlutverk félagsins, ramma um starfið, menntun og fræðslu til leiðbeinenda auk þess að félagið uppfylli gæðaviðmið BÍS. Sérstaklega er getið þeirra föstu verkefna sem félagið sér um fyrir bæinn s.s. dagskrár á sumardaginn fyrsta, sumarnámskeiða og samkvæmt þessum samningi, hátíðahöldin á 17. júní hvert ár. Árlegur styrkur til félagsins var 9.400.000. en var hækkaður myndarlega í tilefni 50 ára afmælisins eða um alls 5 milljónir. Í samningnum er nú komið nýtt ákvæði er lýtur að þjálfun foringja. Auk þess fær félagið, ásamt HSG, styrk í formi niðurfellingar fasteignagjalda. Bæjarstjóri, Gunnar Einarsson og félagsforingi undirrituðu samninginn fyrir hönd félagsins.



Undirritun samnings

2.2. Skátafélag á réttri leið

Á árinu 2015 tók Vífill á móti gæðaviðurkenningunni *Á réttri leið* í þriðja sinn. Félagið fékk viðurkenninguna fyrst allra skátafélaga árið 2006, og aftur árið 2011. Gæðahandbókin er endurnýjuð reglulega og á að endurspegla vinnuferla og skipulag starfsins hverju sinni. Viðurkenningin gildir í tvö ár og því þarf að sækja um endurnýjun árið 2018. Til að hljóta viðurkenninguna þurfa skátafélög að uppfylla tilteknar gæðakröfur sem ná m.a. til skipulags og starfs félagsins, fjármála, fræðslumála og fleiri þátta. Gæðahandbókin er aðgengileg á vef félagsins <http://vifill.is/um-felagi%3b0/a-rettri-lei%3b0/>

2.3. Samstarf við HSG

Húsið Jötunheimar við Bæjarbraut hýsir bæði skátafélagið Vífil og Hjálparsveit skáta í Garðabæ (HSG) og hefur sambúð þeirra verið farsæl og samstarfið gott í gegnum árin. Samstarf félaganna felst m.a. í afnotum af húsnæði og búnaði, HSG fær t.d. salinn lánaðan endurgjaldslaust fyrir fundi. HSG hefur einnig afnot af sal og húsnæði Vífils yfir jól og áramót vegna flugeldasölu.

Öryggis vegna eru önnur afnot ekki leyfð á meðan á því stendur. Samningur um samstarf HSG og Vífils er varðar skátastarfið sjálft var endurnýjaður síðast árið 2014 og er í endurskoðun í lok ársins 2017.



Dróttskátar í heimsókn hjá HSG

3. Skátastarf

Skátafélagið Vífill er aðili að Bandalagi íslenskra skáta og starfar skv. meginmarkmiði skátahreyfingarinnar að því að þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir, hjálpsamir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu. Rúm 100 ár eru síðan skátastarf hófst í heiminum og nú eru um 30 milljónir skáta starfandi innan vébanda skátahreyfingarinnar í meira en 200 þjóðríkjum. Skátar á Íslandi munu vera tæplega 3000.



Föngulegur hópur á sumardaginn fyrsta

Félagsgjald er 30.000. Gjaldið hefur ekki hækkað í nokkur ár. Innifalið í félagsgjaldinu er allur kostnaður við fundi og styttri ferðir. Niðurgreiðsla er á útilegum og allir fá skátaklúta og merki. Skátabúning þurfa skátarnir sjálfir að útvega og eru þau yngri í bolum og peysum. Dróttskátar og eldri eru í skyrtum sem þeir kaupa sjálfir í skátabúðinni hjá BÍS.



Útiöldun í félagsútilegu

3.2. Fjöldi skáta

Í árslok 2017 voru 68 starfandi skátar á aldrinum 7 til 25 ára í Vífli. Það er fækkun frá fyrra ári um 30 skáta. Til þess að tryggja gott skátastarf fyrir yngri skáta er nauðsynlegt að búa að góðum hópi reyndra skáta og foringja. Ekki vilja allir eldri skátar vera foringjar og því er líka mikilvægt að bjóða upp á áhugavert og krefjandi skátastarf fyrir þann aldurshóp svo og fullorðna sem svo geta aðstoðað við stærri og flóknari viðburði.

Fjöldatölur skáta eru fjöldi skátaskírteina sem gefin voru út vegna starfsársins 2016-2017. Alls voru gefin út 86 skírteini til félagsmanna Vífils og voru 51 þeirra vegna skáta á grunnskólaaldri eða frá 7-15 ára aldri og 10 vegna skáta á aldrinum 16-25 ára. Í eftirfarandi töflu má sjá fjöldatölur frá árinu 2010, annars vegar skáta á skátaaldrinum 7 – 25 ára og svo heildartölu að viðbættum skátum 26 ára og eldri. Því miður þá eru ekki nærri því allir skráðir sem starfa með félaginu og á það helst við um elstu aldurshópana.

Fjöldi skáta í Vífli frá árinu 2010-2017

Árið	7 – 25 ára	Alls í félaginu
2017	68	86
2016	61	92
2015	95	149
2014	115	141
2013	84	113
2012	75	98
2011	110	142
2010	99	123

Fjöldi í hverri sveit

Skátasveit	Aldurshópur	Fjöldi 2017	Fjöldi 2016
Drekaskátar	7-9 ára	15	14
Fálkaskátar	10-12 ára	10	15
Dróttaskátar	13-15 ára	22	22
Rekkaskátar	16-18 ára	6	8
Róverskátar	19-25 ára	15	2
Bakland og foringjar	25 +	18	31

Fjölgun skáta í Vífli er viðvarandi verkefni fyrir félagið. Ekki hefur verið farið markvisst í það að fjölga félögum. Hvert ár er nokkur hópur barna sem kemur og fer og er það áskorun að halda í þann hóp. Sóknarfæri eru þó nokkur, sér í lagi þegar haft er í huga að sumarnámskeið Vífils njóta síaukinna vinsælda. Þá þarf að gæta sérstaklega að skátum 15 ára og eldri, en reynslan hefur sýnt að margir heltast úr lestinni við upphaf framhaldsskóla ef ekki er gætt að því að þeim séu fengin áhugaverð verkefni við hæfi. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá aldursdreifingu skátanna í félaginu.

Foringjar og aðstoðarforingjar Vífils eru 13 og á aldrinum 17-52 ára. Skátafélagið reynir eftir megni að huga vel að foringjum, baklandi og stjórn, sem eru einstaklingar sem taka að sér ýmis konar verkefni í sjálfböðavinnu. Vífill hefur m.a. haft það fyrir sið að bjóða virkum aðilum úr þessum hópi foringja og baklands á nokkra viðburði yfir árið sem þakklætisvott fyrir óeigingjarnt starf og til þess að hrista hópinn enn betur saman.



Baklandið ávallt viðbúið

3.3. Bakland

Vífill getur státað af sterku baklandi sem samanstendur af eldri skátum, foreldrum og öðrum velunnurum félagsins. Á póstlista baklandsins eru um 40 manns sem eru misvirkir. Segja má að um 15 manna hópur sé alltaf til staðar og sinni stærstu verkefnum með stjórn og foringjum. Baklandið kemur að ýmsum verkefnum og dagskrárliðum félagsins svo sem félagsútilegu, hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta og 17. júní, skátamótum, umsjón og viðhaldi á húseignum auk ýmissa tilfallandi verkefna. Reglulega eru haldnir svokallaðir TTH fundir (Tiltektarhátíðir), þar sem bakland ásamt foringjum og stjórn hittist til að vinna að ýmsum endurbótum og viðhaldi

á félagsheimili og skála Vífils. Umsjón og tengsl við baklandið eru í höndum stjórnar. Virkustu baklandsliðunum er boðið í jólakvöldverð. Nánar er fjallað um verkefni og afrek baklandsins í skýrslu húsnefndar í kafla 5.1. á bls. 31.

3.4. Húsnæði og búnaður

Skátafélagið Vífill hefur aðstöðu í eigin húsnæði, Jötunheimum, að Bæjarbraut 7. Húsið er tæplega 1.000 fm að stærð og er um helmingur þess í eigu Vífils en hinn helmingurinn er í eigu Hjálparsveitar skáta í Garðabæ. Útikennslusvæðið eða *Skátagarðurinn* við hlið Jötunheima hefur verið vel nýttur í starfinu. Svæðið býður upp á mikla möguleika til leikja og starfa. Hægt er að kveikja eld, sitja í varðeldalaut, klifra í trjánum, fara í ýmsa leiki svo eitthvað sé nefnt. Miklar vonir eru bundnar við frekari framkvæmdir á svæðinu sem munu auka enn á möguleikanna til útilífs. Því miður hefur svæðinu verið lítið sinnt af hálfu garðyrkjudeildar bæjarins sl. sumur og framkvæmdum er ekki lokið. Brýnt er að fara í viðhald og bæta umhirðu svo garðurinn fari ekki í órækt.

Útilíf skátanna fer að mestu fram í nágrenni Jötunheima, og við skátaskálann Vífilsbúð sem stendur sunnan við Heiðmörk. Unnið hefur verið að því að finna nýja staðsetningu fyrir útilífsmiðstöð skáta í Heiðmörk og hefur nokkuð áunnist. Verkefnið helst nú í hendur við deiliskipulag Heiðmerkur og er á áætlun að byggja skálann og útivistarsvæðið við Grunnuvötn. Í árslok 2017 fengust þær ánægjulegu fréttir að skálinn er kominn á fjárhagsáætlun Garðabæjar næstu þrjú ári.



Skátaskálinn Vífilsbúð

Miklar framkvæmdir hafa verið undanfarið á svæði Oddfellow við Vífilsbúð og golfvöllinn og hefur mikið af jarðvegi verið komið fyrir í nágrenni skálans og heftir það aðgengi að honum. Ekki er ljóst hvaða áhrif það hefur á notkun hans. Lágmarksviðhaldi hefur verið sinnt í skálanum af húsnefnd. Nú þarf að gera bragarbót á því í ljósi þess að ekkert bólar á nýjum skála. Vegurinn að skálanum er reyndar orðinn illfær og grýttur svo það er forgangsverkefni að vinna að umbótum á honum. Skálinn er mest notaður af félagsmönnum en eitthvað er um útleigu en vatnsleysi og léleg salernisaðstaða hamlar útleigu á skálanum og þar með tekjumöguleikum.

Bifreið félagsins var endurnýjuð sl. sumar enda nauðsynlegt að hafa bifreið á sumarnámskeiðum og í flutninga á skátum og búnaði. Starfsmaður hefur yfirumsjón með bifreiðinni.

Í Jötunheimum fer fram meira en starfsemi skáta og HSG, þar hittast m.a. meðlimir Rotarýklúbbsins *Garðars* og *Aglow*. Þá hafa Radíóskátar aðsetur í húsinu. Þar er einnig vel búinn veislusalur sem hentar vel til hvers kyns funda- og veisluhalds. Salurinn er fullbúinn með borðum og stólum fyrir allt að 100 manns og borðbúnaði fyrir um 100 manns. Salurinn er útbúinn hljóðkerfi, skjávarpa og tölvu. Hægt er að leigja salinn jafnt að degi til og á kvöldin en um helgar verður veislum að vera lokið á miðnætti. Salurinn hefur ekki verið mikið í útleigu enda rammi um kvöldleigu stífur.

Framkvæmdum við lyftuhúsið lauk á árinu og gengið frá utanhúss. Einnig var farið í að laga svalir og stétt við inngang á gafli. Öll aðstaða er því hin besta og húsið í ágætu standi. Viðhald og tiltekt eru eilífðarverkefni og nýtur félagið þar stuðnings baklands sem leggur til sjálfböðavinnu.

3.5. Dagbók Vífils 2017

JANÚAR

Haldin var fámenn þrettándagleði og orðið ljóst að slík samkoma má muna sinn fífil fegri. Félagsforingi Vífils, Hafdís Bára Kristmundsdóttir tók 8. janúar á mótið heiðursviðurkenningu frá Íþróttá- og tómstundaráði Garðabæjar fyrir störf að íþróttá- og æskulýðsmálum í Garðabæ. Það er mikill heiður fyrir félagið að forsvarsmenn þess hljóti slíka viðurkenningu og eftir því sé tekið hvernig unnið er að félagsmálunum.

Félagsráðsfundur

Félagsráð hélt vinnufundi 3. og 4. janúar. Þar skipulögðu foringjar starfið til vors. Á seinni fundinum 4. janúar kom Dagbjört, starfsmaður skrifstofu BÍS og kynnti fyrir nýtt hvatakerfi og hvernig væri hægt að nýta það sem best í starfi.

Gilwell

Í janúarlok luku tveir skátar Gilwell þjálfun og útskrifuðust með brúna klútinn. Það voru Gréta Björg Unnarsdóttir og Kristín Ósk Sævarsdóttir. Félagið styrkti þær á námskeiðinu og hafa þær skuldbundið sig til þess að starfa áfram með Vífli.

FEBRÚAR

Aðalfundur

Aðalfundur Vífils var haldinn þann 16. febrúar. Fundarstjóri var Jón Egill Hafsteinsson. Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir og Andri Gunnarsson fóru úr stjórn. Dögg Gísladóttir, Hildur Hafsteinsdóttir og Thelma Rún van Erven voru endurkjörnar. Gísli Örn Bragason og Unnur Flygenring komu ný inn í stjórn. Hafdís Bára Kristmundsdóttir var endurkjörin félagsforingi. Þar sem ljóst var að tveir af stjórnarliðum væru á leið í fæðingarorlof kom Hrafnhildur Sigurðardóttir inn í stjórn til þess að leysa þau af. Kristín Ósk Sævarsdóttir var kjörin formaður fræðslu og kynningarráðs og situr því í stjórn. Karl Rúnar Þórsson og Björn Hilmarsson voru endurkjörnir skoðunarmenn reikninga. Sveitarforingjar fluttu skýrslur sveita auk hefðbundinna aðalfundarstarfa.



Fundarmenn á aðalfundi 2017

MARS

Drekaskátadagurinn

Sunnudaginn 5. mars var Drekaskátadagurinn haldinn við Hádegismóa við Rauðavatn. Dagurinn var í umsjá rekkaskátasveitarinnar í Árbúum en dagurinn er árlegur viðburður á vegum BÍS. Drekaskátar Vífils tóku þátt í deginum að lokinni *innilegu* í Jötunheimum.

Skátaping 2017

Skátaping fór að þessu sinni fram norður á Akureyri dagana 10. og 12. mars. Vífill fjölmennti á skátaping þetta árið en það sóttu a.m.k. 10 skátar úr félaginu. Félagið hefur fjögur atkvæði á þinginu og er eitt bundið við félagsforingja. Á þinginu var tekist á um ýmis málefni og fjölbreyttar umræður og kynningar fóru þar fram. Nýr skátahöfðingi var kosinn, Marta Magnúsdóttir og hlaut hún 53% atkvæða.

APRÍL



Glæsileg fánaborg

Sumardagurinn fyrsti

Skátafélagið hafði yfirumsjón með hátíðarhöldum á sumardaginn fyrsta í Garðabæ líkt og verið hefur í áratugi. Þetta árið var sumardagurinn fyrsti þann 20. apríl og varð Vífill 50 ára þann dag. Skátarnir tóku virkan þátt í guðsþjónustu dagsins. Ræðumenn dagsins voru Ágúst Þorsteinsson og Guðbjörg Lilja Sveinsdóttir. Veitt voru áramerki eða starfsmerki skátahreyingarinnar, þeim skátum sem starfað hafa í 5, 10, 15 og 25 ár. 5 ára merki fengu 13 skátar, 10 ára merki fengu sjö skátar og 15 ára merki fékk einn skáti.



Afmælisávarp flutti Ágúst Þorsteinsson



Guðbjörg Lilja var ræðumaður dagsins

Að messu lokinni fór skruðganga frá Vídalínskirkju að Hofsstaðaskóla þar sem fólk gat tekið þátt í skemmtilegri dagskrá og keypt sér veitingar á kaffihlaðborði Vífils. Blásarasveit tónlistarskóla Garðabæjar fór fyrir göngunni og lék nokkur sumarlög í upphafi dagskrár. Veltibílinn vinsæli var á staðnum, tveir fálkaskátar sýndu dansatriði, nemendur úr Sjálandsskóla sýndu atriði úr Bláa hnettinum og Bjarni töframaður skemmti gestum. Veðrið var allt annað en sumarlegt og bæði snjóaði og blés á gesti og gangandi. Umsjónarmenn dagskrár voru Dögg Gísladóttir og Thelma Rún van Erven. Kristín Helga Sigurðardóttir hélt utan um vinnuskipulag skátanna. Dagurinn gekk mjög vel í alla staði þökk sé frábærum skátum sem tóku þátt í að gera daginn eftirminnilegan

fyrir bæjarbúa. Að lokinni dagskrá hjálpuðust skátar að við frágang og í kjölfarið var slegið upp grillveislu þar sem boðið var upp á Binnaborgara.



Það blés og snjóaði

Afmælisveisla Vífils

Félagið hélt veglega afmælisveislu laugardaginn 22. apríl og bauð fjölmörgum gestum til sín. Stofnfélagi Guðrún Unnur Sigurðardóttir kom alla leið frá USA til þess að taka þátt í deginum. Guðrún Unnur eða Una sem hún er jafnan kölluð fékk loks afhent Gilwelleinkennin sín. Hún hafði lokið Gilwellþjálfun sem Hraunbúi en gekk til liðs við Vífil á fyrstu dögum félagsins og misfórst að afhenda henni einkennin. Ólafur Proppe sá um athöfnina fyrir hönd Gilwellskólans. Sóknarprestur og bæjarstjóri ávörpuðu veislugesti og færðu gjafir. Félaginu var færður kvenskátakjöll og hattur til varðveislu. Gefandinn er Bergþóra Sigmundsdóttir sem verið hefur skáti frá unga aldri. Aðstoðarskátahöfðingi flutti ávarp og færði félaginu Íslandskort að gjöf. Skátafélagið Svanir kom færandi hendi með veglegan spilapakka. Hjálparsevit skáta í Garðabæ færði félaginu hjálm og klifurbelti. Rotaryklúbburinn Garðar færði félaginu peningagjöf. Gestirnir gæddu sér á góðum veitingum, spjölluðu saman, rifjuðu upp góðar stundir og horfðu á gamlar og nýjar myndir úr starfinu.



Gestir í afmælishófi



Guðrún Unnur Sigurðardóttir Gilwellskáti

MAÍ

Gilwell

Í maílok lauk einn skáti Gilwell þjálfun og útskrifaðist með brúna klútinn. Það var Halldóra Aðalheiður Ólafsdóttir. Félagið styrkti hana á námskeiðinu og hefur hún skuldbundið sig til þess að starfa áfram með Vífli.

JÚNÍ

Drekaskátamót

Fyrstu helgina í júní, eða 3. – 4. júní, var haldið drekaskátamót á Úlflyjótuvatni. Voru það áhugasamir drekaskátar úr Vífli sem mættu á mótið ásamt foringjum undir stjórn Christu Hörpudóttur. Gist var eina nótt í tjaldi og tekist á við spennandi verkefni á laugardeginum. Drekskátarnir voru alsælir með mótið og komu þreyttir heim á sunnudeginum.

Sumarnámskeið

Sumarnámskeið Vífils hófu göngu sína 12. júní en starfsmenn mættu til undirbúningsvinnu viku fyrr og hófst undirbúningurinn á tiltekt í húsinu, farið var yfir búnað og pantað inn það sem þurfti. Sumarstarfsmenn sóttu námskeið á vegum BÍS. Nánar er fjallað um sumarnámskeiðin í kafla 6 á bls. 36.

17. júní

Skátafélagið hafði yfirumsjón með hátíðarhöldum á 17. júní í Garðabæ líkt og mörg undanfarin ár og er verkefnið sérstakur liður í samstarfssamningi við Garðabæ. Markmið skátanna var að venju að standa fyrir glæsilegri dagskrá, efla starfið inn á við og kynna á jákvæðan hátt stjórnun og starf félagsins gagnvart bæjarbúum og bæjaryfirvöldum. Thelma Rún van Erven hafði yfirumsjón með skipulagningu og framkvæmd hátíðahaldanna og á mikið lof skilið fyrir sinn þátt.

Um morguninn var Júnímót golfklúbbs Álftaness og frítt var í sundlaugina á Álftanesi, Hönnunarsafn Íslands og í veiði á Vífilsstaðavatni allan daginn. Um morguninn var formleg setning hátíðahaldanna og barnadagskrá á Álftanesi í samstarfi við skátafélagið Svani. Þar steig

hljómsveitin Artemis á svið og Skoppa og Skríttla kíktu einnig í heimsókn. Seinna um daginn var skemmtidagskrá við Ásgarð þar sem Artemis, Villi og Sveppi og Skoppa og Skríttla, Friðrik Dór og Svala stigu á svið. Glæsileg fimleikasýning var haldin í Ásgarði. Kynnir á sviði var Þórey Birgisdóttir en hátíðarhöldin tókust afar vel. Þátttaka var mjög góð og betri en undanfarin ár. Inniaðstaða í Ásgarði kom að góðum notum svo og aðstaða í Garðaskóla.



Mannauður

Foringjafjör

Foringjafjör var haldið í þann 20. júní. Stór hópur foringja og baklandslíða mætti í Jötunheima og settist upp í rútu án þess að vita hvert ferðinni væri heitið. Thelma Rún van Erven og Dögg Gísladóttir sáu um skipulag en ferðinni var heitið austur á Úlfjótsvatn. Farið var í allskonar hópeflisleiki og reynt fyrir sér í bogfimi. Hópurinn endaði svo í grillveislu í JB. Foringjar fengu vorbónus sem þökk fyrir vel unnin störf. Ferðin var afar skemmtileg og mæting góð.

Noregsferð

Þann 26. júní héldu 11 vaskir dróttskátar til Noregs. Hópurinn dvaldi í skátaskála í Þrándheimi og fóru þau meðal annars á gagnvirkt vísindasafn, *zip line* og klifurgarð. Því næst var haldið til Bodö þar sem hópurinn fór á landsmót norska skáta og dvöldu þau þar í viku. Mótið var með öðru sniði en skátarnir voru vanir hér á Íslandi og einkendist dagskráin af samvinnu og frumkvöðlavinnu. Að mótinu loknu flaug hópurinn til Osló og gisti þar eina nótt áður en haldið var heim. Fararstjórar voru Thelma Rún van Erven og Jón Egill Hafsteinsson. Foreldrar sáu um fjáröflun og sáu m.a. um *Candyflossöluna* bæði á sumardaginn fyrsta og 17. júní.

SEPTEMBER

Vinnukvöld foringjaráðs

Foringjaráð hittist enn á ný og skipulagði hauststarfið og hélt vinnufund 3. september frá kl. 13.00 - 18.00. Á sama tíma tók baklandið til hendinni innan- og utandyra og fegraði umhverfið eins og hægt væri. Svo var boðið upp á vöfflukaffi fyrir hópinn.



Baklandið vel útbúið

Skátafundir

Skátafundir hófust í vikunni 11. – 15. september. Ekki var farið í miklar auglýsingar en frétt um að starfið væri að byrja á ný var sett bæði á vefsíðu og facebooksíðu félagsins.



Nýir hjálmur og höfuðljós



Allir forsetamerkishafar 2017

Forsetamerkið

Tveir vaskir skátar úr Vífli tóku við forsetamerkinu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum laugardaginn 23. september. Alls tóku 8 skátar við merkinu að þessu sinni en þetta var það forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti merkið. Sveitarforinginn Atli B. Bachmann heldur utan um rekkaskátastarfið og hefur haldið vel utan um skátana og hvatt þá áfram með ráðum og dáð. Forsetamerkishafarnir eru:

- Inga Lilja Þorsteinsdóttir
- Úlfur Kvaran (skráður í Skátafélagið Fossbúa)



Inga Lilja ásamt foringjum sínum

Spjallfundur skátafélaga

BÍS bauð til spjallfunda með skátafélögum á ákveðnum svæðum. 19. september var fundur með félögum í Kraganum haldinn í Mosfellsbæ í skátaheimili Mosverja. Farið var í leiki og spjallað um skátastarfið vítt og breytt. Því miður voru fáir Víflar sem sáu sér fært að taka þátt í fundinum sem var bæði gagnlegur og skemmtilegur.

OKTÓBER

Foreldrafundur

Haldinn var kynningarfundur fyrir foreldra og dróttskáta um skátamót á erlendri grundu 9. október kl. 20.00 Kynning var á *World Scout Jamboree* sem haldið verður í Virginíu í Bandaríkjunum í júlí 2019 og *Run to the fun* sem haldið verður í Devon í Bretlandi sumarið 2018. Fundurinn var nokkuð vel sóttur en bíða þurfti með að hefja fundinn vegna beinnar útsendingar landsleiks í knattspyrnu karla.



Áhugasamir fundargestir

Félagsútilega Vífils

Félagsútilega var haldinn 20. - 22. október og að þessu sinni í ÍR-Víkingskálanum. Þema útilegunnar var *Afmæli* vegna 50 ára afmælis félagsins. Dagskrá var fjölbreytt og fór fram bæði innan og utandyra. Farið var meðal annars í hellaskoðun í Langahelli, gönguferð uppá fjall, útiöldun, hnúta- og vinabandakennsla, afmæliskreyingar auk þess sem Radíóskátar voru með lóðboltapóst. Boðið var uppá afmælistertu og hamborgaraveislu á laugardeginum. Á laugardagskvöldinu var svo kvöldvaka og næturleikur í svartamyrkri. En skátarnir voru vel búnir með ný höfuðljós sem félagið fékk í afmælisgjöf frá kirkjunni. Útilegan gekk vel fyrir sig og fóru allir sælir og þreyttir heim á sunnudeginum.

NÓVEMBER

Fálkaskátadagur

Fálkaskátadagurinn var haldinn 4. nóvember í Laugardalnum í Reykjavík. Þar tóku fálkaskátar þátt í póstaleik og fengu kakó og kex að honum loknum.

Fjölskylduguðþjónusta var haldinn sunnudaginn 5. nóvember í Vídalínskirkju. Skátafélaginu var sérstaklega boðið að vera með til kynningar á skátastarfinu. Urður Björg Gísladóttir flutti erindi fyrir hönd Skátafélagsins í yfirfullri kirkjunni. Þetta var fín auglýsing fyrir félagið og foreldrar barna í bænum fengu nasasjón af skátastarfinu.

Jólabingó

Hið árlega jólabingó skátafélagsins var haldið þriðjudaginn 28. nóvember kl. 18:00. Bingóið var að þessu sinni í umsjón dróttskáta og sáu foringjar sveitarinnar ásamt starfsmanni um skipulagið. Mikið úrval var af veglegum vinningum. Að venju var góð aðsókn að bingóinu og í hléi voru seldar pizzur og gos. Dróttskátarnir sáu um sölu á bingóspjöldunum og pizzu afhendingu, og hjálpuðu svo til við frágang eftir bingóið. Ágóðinn af bingóinu rann í ferðasjóð dróttskátasveitarinnar.

DESEMBER

Jóla kvöldverður

Árlegt jólaboð Vífils var haldið fimmtudaginn 7. desember þar sem m.a. heiðursfélögum, foringjum, virkum baklandslíðum, mökum og öðrum góðum gestum t.d. embættismönnum hjá Garðabæ, var boðið til veislu. Björn Hilmarsson flutti sinn annálaða annál og skemmti gestum. Einnig var tónlistaratriði, Vigdís skáti úr Svönum söng fyrir gesti sem tóku hressilega undir í jólalagi. Menn tóku hraustlega til matar síns og yfirgáfu samkvæmið í jólaskapi. Í veislunni voru fjórir einstaklingar heiðraðir og þeim þakkað fyrir einstakt framlag til félagsins um árabíl. Það voru hjónin Hanna Dóra Sigurðardóttir og Trausti Sigurðsson og Jóhann S. Erlendsson og Þuríður E. Baldvinsdóttir.

Aðventukakó

Vífill stóð fyrir aðventukakói og samverustund þriðjudaginn 12. desember í Jötunheimum fyrir skátafélög á höfuðborgarsvæðinu. Félagaráð BÍS hafði frumkvæði að viðburðinum og auglýsti eftir skátafélagi til þess að taka það að sér. Skátakórinn kom í heimsókn og flutti nokkur lög fyrir gesti, að því loknu var boðið uppá vöffur og heitt súkkulaði. Kvöldið var rólegt og notalegt. Mæting var mun minni en búist var við.




Afmælisfélagsútileguhamborgaraveisla

4. Skýrslur skátasveita

Starfið í skátasveitunum er mjög fjölbreytt og byggist á vikulegum fundum sveita og flokka. Skátastarfinu er skipt í aldurstig sem miðast við 7 – 25 ára aldurinn. Sveitarforingjar eru 18 ára eða eldri og aðstoðarforingjar 16 ára og eldri. Hverri sveit er síðan skipt í flokka og er flokksforingi settur yfir hvern flokk. Allar sveitir eru kynjablandaðar og vinna strákar og stelpur saman.

Fundartími skátasveita er sá sami á milli ára til að gera foreldrum og skátum auðveldara um vik við skipulagningu tólmstundastarfs. Fastir fundartímar eru:

Drekaskátar 7-9 ára	Þriðjudagar kl. 17:00
Fálkaskátar 10-12 ára	miðvikudagar kl. 17:00
Dróttaskátar 13-15 ára	mánudagar kl. 20:00
Rekkaskátar 16-18 ára	f. áramót, fimmtudagar kl. 20:00
Róverskátar 19-25 ára	eftir samkomulagi



Áhugasamir drekar í kynningu hjá Radióskátum

4.2. Drekaskátar 7-9 ára. Furðufuglar

Vorönn

Sveitaforingi var Christa Hörpudóttir. Aðstoðarsveitaforingjar: Anna Margrét, Halldóra Aðalheiður, Laufey Erla og Inga Lilja mættu eins og þær gátu til að aðstoða við fundina

Á vorönn 2017 voru tilrauna- og þrautafundir sem vöktu mikla lukku. Prófað var að búa til allskonar slím, tepoka látnir fljúga, *Mentos* sett í kók og margt fleira. Í lok vors var svo skyndihjálparfundur, hjólatúr og ísferð, útiöldun leikir og undirbúningur fyrir drekkaskátamót sem markaði lok skátaársins. Skátunum fannst rosalega gaman á drekkaskátamóti og voru strax farnir að spyrja um næsta mót.

Haustönn

Sveitaforingjar: Christa Hörpudóttir og Halldóra Aðalheiður

Aðstoðarsveitaforingi: Jóhanna María

Á haustönn var farið í gönguferð í hellinn Valaból, farið í dagsferð í félagsútilegu upp í Bláfjöll. Útiöldun, hrekkjavökufundur, trölladeigsföndur og margt fleira skemmtilegt er einnig meðal þess sem hefur verið á dagskrá. Í byrjun desember var innilega í Jötunheimum þar sem yfirskriftin var kósý og skemmtilegheit. Horft var á jólamynd, poppað og drukkin djús. Margt skemmtilegt var líka gert. Skátadulmálið var prófað og lært um Baden Powell, útivera hefur verið mikil, farið í ratleiki og fullt af skemmtilegum leikjum.

Hvatakerfið er komið í notkun og fá skátar límmiða í lok hvers fundar sem tengist viðfangsefninu þann daginn. Skátarnir hafa verið duglegir að mæta með klútana sína og fá einnig hvatningu og límmiða fyrir það. Þetta er búið að vera skemmtilegt skátaár með skemmtilegan skátahóp.

Christa Hörpudóttir og Halldóra Aðalheiður



Vaskir fálkaskátar

4.3. Fálkaskátar 10-12 ára

Miðvikudagshópur vor 2017

Á vorönn voru foringjar þau Kristín Helga Sigurðardóttir, Arnar Breki Eyjólfsson, Inga Lilja Þorsteinsdóttir og Úlfur Kvaran. Unnið var í samræmi við ákveðin þema sem var heimsálfurnar. Byrjað var í janúar á Suður Ameríku, þar sem krakkarnir fræddust um skátastarf og útbreiðslu þess um Suður Ameríku. Síðan varð Afríka fyrir valinu og kom og sagði frá skátaferð sem hún fór í til Kenýa. febrúar átti svo að vera félagsútilega en vegna dræmrar skráningar féll hún niður en í staðinn var skellt í smáferð upp í Vífilsbúð og þar var skemmt sér í þar í lítilli útilegu.

Næsta heimsálfa var Asía, en það hitti þannig á að fyrsti fundurinn í Asíuþema var öskudagur svo foringjarnir fóru í búning í takt við heimsálfuna og skelltu sér í Mulanbúninga. Eldaðar voru núðlur og rætt um Asíu. Eftir Asíu var kominn febrúar og þá kom páskafrí og að því loknu hófst undirbúningur fyrir sumardaginn fyrsta. Á sumardagurinn fyrsta fengu fálkarnir að taka þátt í skrúðgöngunni og stóðu sig með þryði. Á fundunum eftir sumardaginn fyrsta var fjallað um Evrópu og lærðu krakkarnir um mismunandi skátastarf í Evrópu.

Fimmtudagshópur vor 2017

Foringjar voru Anna Margrét, Guðbjörg Lilja og Inga Lilja.

Á vorönninni voru sex krakkar sem mættu reglulega, fjórar stelpur og tveir strákar. Krakkarnir voru duglegir í byrjun að koma með vini en aðrar æfingar og tómsundur rákust á. Hópurinn varð mjög þéttur og miklir vinir eftir önnina. Guðbjörg Lilja og Anna Margrét héldu áfram að vera foringjar þeirra eftir haustið ásamt Ingu Lilju.

Dagskrá þemað var ákveðið í samræmi við miðvikudags hópinn, Heimsálfur. Hver dagskrárhringur var því tengt við álfurnar 7, Afríka, Asía, Evrópa, Eyjaálfa (Ástralía), Norður-Ameríka, Suður-Ameríka og Suðurskautslandið. Krakkarnir völdu síðan dagskrá saman tengt þeim.

Fyrsti dagskrárhringurinn var Suður Afríka þar sem þau lærðu leiki og um menninguna þar. Afríka var næst. Þar sem þau bjuggu til sinn eigin ættbálk. Ættbálkurinn var staðsettur á eyju rétt hjá Madagascar. Þau eingöngu átu plöntufæði og klæddust skinklæðum. Eina skjólið fyrir rándýrum væri þó ofan í jörðu en þau hefðu búðið sér til svefn stað í jarðhýsum og hengirúmum. Næstum fundum gerðu þau sér gifs grímur sem partur af búningi ættbálksins. Hjálpuðust þau að, þau gerðu hver og einn grímu sem táknaði þeirra persónu og hlutverksins innan samfélagsins.

Flokkurinn fór síðan í tvær útilegur á vorönninni báðar með miðvikudags skátunum. Fyrst var farið upp í Vífilsbúð. Krakkarnir hittust á afleggjaranum og gengu að húsinu og tekið var á mótið þeim með hitað grill og sykarpúða á teinum tilbúinn fyrir þau. Daginn eftir var síðan tekin ævintýra ferð að finna fálka hellir. Deginum var síðan eytt í leikjum og hópefli. Síðan var slútt að vorinu með ferð á Vormót Hraunbúa. Þar sem þau kynntust öðrum skátum, lærðu að gista í mígandi rigningu og unnu verðlaun fyrir tjaldbúðarskoðun.

Haust 2017

Á haustönn voru fálkaforingjar þau Arnar Breki Eyjólfsson, Laufey Erla og Úlfur Kvaran þá voru 10 skátar skráðir. Misvel var mætt á fundi en foringjar mættu þó alltaf. Þemun að þessu sinni voru; Útíþema, fantasyþema, vísindapema og disneyþema Fálkarnir fóru í helliferð í október og gekk það mjög vel og krakkarnir skemmtu sér vel, síðan fóru þeir líka í félagsútileguna sem var ógeðslega gaman. Upp komu smá veikindi en skátarnir þraukuðu og sýndu með því seiglu. Skátarnir voru síðan með innilegu í nóvember og gekk hún vel, og kveikti það áhuga á að skipuleggja gistingu uppá eigin spýtur.



Áskoranir og útilíf

4.4. Dróttskátar 13-15 ára – DS. Rúbix

Vorönn

Sveitarfóringjar : Gísli Örn Bragason og Halldór Fannar Sveinsson, auk Evu Láru og Stefáns Gunnarssonar.

Starfið á vorönn var öflugt og störfuðu þrjú flokkar í sveitinni. Fundað var á mánudagskvöldum var verið að æfa sig margvíslegum skáta- og útivistarverkefnum. Tveir skátar úr sveitinni tóku þátt í útivistarkeppninni Hrolli og sigruðu keppnina. Þegar hlýna tók um vorið var farið í fjallgöngu upp á Úlfarsfell og hjólaferð upp að Elliðaárvatni. Um helmingar sveitarinnar fór á Landsmót skáta í Noregi í lok júní og var það hápunktur starfsins.



Dugmiklir dróttskátar

Haustönn 2017 hafa um 15 krakkar verið í dróttskátunum, engar stelpur hafa skráð sig en tvær komu á tvo fundi þá önn. Gaman væri að styrkja starfið í þá átt að fá inn fleiri stelpur.

Önnin gekk vel og voru foringjar Halldór Fannar Sveinsson, Huldar Hlynsson og Urður Björg Gísladóttir. Samstarfið gekk vel og vorönnin er byrjuð af sama krafti. Farið var með í félagsútilegu og Jólabingó var haldið af dróttskátunum sem að margir söfnuðu flottum vinningum og unnu í miðasölunni og pizzupásunni. Þeir fengu ágóðann af Bingóinu í sjóð sem að verður nýttur sem ferðasjóður. Tekið var smá úr sjóðnum fyrir skálaferð í Vífilsbúð sem var í janúar.

Næst á dagskrá hjá dróttskátum er að kynna Jamboree 2019 vel fyrir þeim og. Í bígerð er dagsferð með hundaflokk HSG og svo er spennandi dróttskátamót næsta sumar.

Dagskrárbemu hafa verið:

-Útivist (sept)

-Sköpun/kraft (okt)

-Ævintýra (nóv)

-Jóla (des)

Flottur og góður hópur sem að vinnur vel saman og hafa nýjir skátar byrjað og fallið vel inn í hópinn.



Kynning hjá HSG

4.5. Rekkaskátasveitin RS. Islandus



Janúar

Árið byrjaði á að skipuleggja starfið, og að halda upp á Prettándann, farið var í Bogfimi og haldið spilakvöld.

Febrúar

Undirbúin var félagsútilega og sveitarútilega, Ungmennafélag var í febrúar og farið var í útilegu í Flugu í Borgarnesi.

Mars

12 klst. ljósmyndaáskorun Rekka- og Róverskáta var haldin. Á fundum var bakað, súrtað og farið í klifur. Skátaping var haldið á Akureyri.

Apríl

Í apríl byrjuðu gönguæfingar með dróttskátum og fálkum. Sumardagurinn 1. og afmælishátíð Vífils

Mái

Mái er prófamánuður og því ekki mikið gert, þó voru haldnir reglulegir fundir, og margt gert sér til dundurs. Meðal annars komu í heimsókn skátar frá Finnlandi. Farið var með þá í Maríuhella og grillað í Vífilsbúð. Finnarnir héldu svo áfram austur í Skaftafell en hittu suma skátanna úr Vífli á vormóti Hraunbúa.

Júní

Í byrjun mánaðarins var haldin árshátíð "Murder Mystery" og síðan var farið í að undirbúa þjóðhátíðardaginn, gönguæfingar o.fl. Landnemamót var í Viðey.

Júlí

Haldir voru reglulegir fundir en í lok mánaðarins var WSM. Rekka og róverskátar úr Vífli tóku þátt í mótinu.



Skipulagsvinna og skátafræði

Ágúst

WSM lauk í byrjun mánaðarins, *Peppomoot* var haldið fyrir Rekka og Róverskáta, og pottapartí var haldið í Reykjavík til að starta starfinu aftur.

September

Á fyrsta fundi mættu fáir en farið var yfir skipulag fram að áramótum, og einn skáti var að klára forsetamerkið sitt. *Haustpepp* var haldið og í lok mánaðarins fékk Inga forsetamerkið afhent. Fjórir forsetamerkishafar úr félaginu stóðu heiðursvörð.

Október

Farið var í sveitarútilegu, spilað og farið í gönguferð, hnútar æfðir og leikir á fundum. Farið var í félagsútilegu uppí Bláfjöll.

Nóvember

2. nóvember var haldið á afmæli skátastarfs á Íslandi og boðið upp á kakó kaffi og vöffur, og ennþá haldnir fundir reglulega.

Desember.

Jólaprófin settu svip á skátastarfið í desember þó var haldin jólafundur þar sem jólatré skátafélagsins var skreytt.

Atli B. Bachmann
Kristín Ósk Sævarsdóttir

4.6. Róverskátar 19-25 ára

Hjálmar Hinz endurvakti Róversveit innan Vífils á haustdögum. Starf sveitarinnar er að fara í gang og eru vonir bundnar við að ná góðum hópi skáta inn í sveitina.

5. Skýrslur fastanefnda

5.2. Húsnefnd

Starfsárið 2017-2018 voru eftirtaldir í húsnefnd Vífils:

- Jóhann S. Erlendsson.
- Brynjar H. Bjarnason
- Björn Hilmarsson

Eins og hin fyrri ár komu margir aðilar húsnefnd til aðstoðar og eru þessir sérstaklega nefndir:

- Atli, Sverrir, Trausti, Magnús, Halldór, Jóhann Baldur, Hafdís, Unnur, Guðfinna, Vala og margir fleiri úr Baklandi Vífils.
- Eins og ávallt er það staðföst trú húsnefndar að það sé ómetanlegt að hafa allar þessar hjálparhendur og er þeim ásamt fjöldamörgum öðrum þakkað fyrir þær fjölmörgu klukkustundir sem fóru í húsnefndarstörfin.


Sem fyrr voru verkefni Húsnefndar fjölbreytt:

Eins og venjulega verður hér stiklað á stóru varðandi verkefni húsnefndar og má segja að viðhaldsvinna og lyftubyggingin hafi verið aðalmálið þetta árið og við sáum fyrir endann á því !

Dagskráin var u.þ.b. eftirfarandi:

- **Febrúar-Mars: TTH í Jötunheimum**

Málað og tekið til hressilega enda var verið að gera lyftuanddyrið.



- **Mars: Skoðunarferð í Vífilsbúð:**

Hurðin löguð enda var varla hægt að loka henni



- **Mars – apríl: Laga hellur og undirbúa afmæli Vífils**

Prífa þurfti og hreinsa eftir viðgerðir og tekið var á því eins og venjulega.

Húsnefnd gerði nokkrar tilraunir við hellulögn sem gengu misvel, en aðgengi við húsið var ágætt þegar afmæli Vífils var og var það meginmarkmiðið.



- **Júlí: TTH í Vífilsbúð – skipt um rúðu**

Húsnefnd mætti í Vífilsbúð og skipti um rúðu í hurðinni sem er út á pallinn.



Lagfæring í og við sal:

Yfirmúrararnir komu og löguðu „þriðja salernið“ á efri hæðinni, ásamt því að setja upp fataskáp á ný við salinn.

Nýja geymslan við lyftuna nýtist nú undir borð og stóla og efri hæðin tók á sig lokamynd.

- **Ágúst: Viðgerð á svölum:**

Svalirnar voru orðnar ansi illa farnar og voru súlurnar illa ryðgaðar.

Við fengum yfirmúrarana til að laga þetta ásamt því að laga gólfið í svölunum uppi og laga gólfið fyrir utan eldhúshurðina. Veruleg umhverfisbót.



- **September: Hellulögn kláruð:**

Hellulögn var kláruð og kallað var á sérfræðinga í þeim málum og þá var ákveðinn lokapunktur í byggingu lyftuhússins.

- **Breytingar á eldvarnarkerfi:**

Rafvirki sá um að tengja ný ljós og reykskynjara við lyftuna uppi og niðri.

Bætt var við reykskynjurum fyrir neðan loftaplöturnar í öllum herbergjum Vífils. Það var gert til að bæta öryggi ef t.d. gisti er í herbergjum. Nú eru skynjarar bæði fyrir ofan og neðan loftaplöturnar.

Ljós í lyftugangi upp betrubætt og ljósastillingar bætтар.



- **Október: Fundur húsfélags Jötunheima**

Árlegur húsfundur félaganna var í október. Vífill og HSG fóru yfir stöðu ýmissa verka. Hjálparsevit hyggur t.d. á malbiksframkvæmdir við kerrustæði.

- **Október - Mikil og sífelld tiltekt**

Sófar sendir í viðgerð, þvottavél og þurrkari hreinsaðar reglulega. Uppþvottavél tekin í viðhald o.fl.

Skipt um perur og lagaðar hurðir.

Sérstaklega sett nýtt ljós yfir lógó Vífils úti á gafli (TAKK VIÐAR !)



- **Nóvember: Allsherjar tiltekt í eldhúsgeymslunni:**

Húsnefnd fékk athugasemdir um að laga þyrfti til í geymslunni inn af eldhúsinu í salnum. Einvalalið einhenti sér í þetta verkefni og vissulega var þörf á því. Allt var tekið úr geymslunni og þrifið, málað hátt og lágt og pússað og gert fínt !



Lokaorð:

Á árinu 2017 voru einnig ýmsar aðrar annir hjá húsnefnd við hin ýmsu störf í húsinu og voru ekki allar aðgerðir auglýstar opnar gestum. Sífelld var t.d. skipt um perur og hurðir lagaðar og karmar festir ásamt fleiru.

Að lokum minnr Húsnefnd félaga í Vífli að ganga vel um húsið – enda eigum við það sjálf!

Með kveðju frá Húsnefnd og þakklæti fyrir samstarfið.

5.3. Skálanefnd

Formlegt starf skálanefndar fór ekki fram á árinu. Baklandið sá um skálann. Ýmis verk voru unnin og má lesa um þau hér að framan í skýrslu húsnefndar.

5.4. Fræðslu- og kynningarráð

Nefndin var endurvakin á aðalfundi 2017. Í upphafi var lagt til að tveir yrðu í Fræðslu- og kynningarráði. Samstarf gekk vel en var heldur slitrótt. Strax var farið í að yfirfara vefsíðuna, www.vifill.is, ásamt því að rífa hana í gang og auglýsa starfið. Þá var stefnt á að reyna auglýsa skátastarfið frekar með örfréttum í Garðapóstinn.

Þá var reynt að fá foringja til að taka myndir og semja stuttan texta eftir fundi en fóru slíkar fréttir inná *Facebook-síður* sveitanna. Fræðslu- og kynningarráð fékk nokkrar myndir sendar en voru þær ekki í nógu góðum gæðum til að nota.

Strax í upphafi var reynt að koma skipulagi á *Facebook-síður* félagsins en þáverandi *Facebook-síða* félagsins, *Skátafélagið Vífill*, hafði engan stjórnanda þar sem Vífli hafði verið eytt út af hálfu *Facebook*. Sú síða hefur því ekki verið virk síðan í febrúar 2014. *Vífill Skátafélag* hefur verið virk en hún var stofnuð af félagsforingja.

Þá hafa foringjar séð um *Facebook-síður* sveitanna. Rekka-, Drótt-, Drekaskátar og foringjar Fálkaskáta hafa á sínum vegum *Facebook-síður*. Starfsmaður Vífils er hluti af þeim síðum og getur því fylst með starfinu. Þá eru *Facebook-síður Baklands Vífils* og *Stjórn Vífils* undir stjórn (e. admin) félagsforingja en engin er yfir *Foringjar Vífils* hópnum. Mikill frumskógur sem enn er verið að vinna í.

Kristín Ósk Sævarsdóttir



Skátasveit í heimsókn á Úlfjótavatni



Skemmtilegt sumarstarf

6. Sumarstarf Vífils

Sumarnámskeiðin gengu afar vel þetta sumar og var þátttaka góð. Á sum námskeiðin komust færri að en vildu. Fjölbreytt dagskrá var í boði og mikið ferðast um á hjóli eða með strætisvagni. Mikil ánægja var meðal foreldra og barna og njóta námskeiðin trausts og virðingar. Því miður

fékk félagið mun færri starfsmenn frá Garðabæ vegna breytingar sem gerðar voru á Sumarátaki bæjarins og þurfti því að takmarka fjölda barna á hvert námskeið.

Skiptingu barna á námskeiðin má sjá í töflunni hér fyrir neðan:

Tegund námskeiðs	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda
Ævintýranámskeið	7	161
Smíðanámskeið	7	156
Grallaranámskeið	1	14
Alls	15	331

Fjöldi námskeiða og þátttakenda

Ártal	Vikur alls	Fjöldi barna
2017	8	331
2016	7	347
2015	8	384
2014	8	446
2013	8	388
2012	8	411
2011	8	507
2010	7	441
2009	9	276
2008	8	374
2007	10	469
2006	9	466

Tryggvi Bragason tók við sumarnámskeiðinum og fékk sér til aðstoðar tvo umsjónarmenn þau Chantal van Erven og Jón Egill Hafsteinsson. Þau stóðu sig öll frábærlega og leystu öll þau mál er uppkomu. Umsjón með sumarnámskeiðum er fjölbreytt og krefjandi starf sem felur m.a. í sér starfsmannastjórunun, foreldrasamskipti, rekstur, söfnun aðfanga, skipulagningu og síðast en ekki síst umsjón með afar fjölbreyttum barnahópi. Þau þrjú höfðu sér til fulltingis reynslumikinn og þéttan starfsmannahóp. Margir voru í starfi þriðja eða fjórða sumarið sitt sem er mjög gott og skapar ákveðinn stöðugleika og minnkar álag. Alls voru 19 starfsmenn og þar af níu eldri en 16 ára úr sumarátaki Garðabæjar. Tíu starfsmenn komu úr vinnuskólanum og voru þau 14 og 15 ára. Þetta eru talsvert færri starfsmenn en Vífill hefur fengið undanfarin ár en þeim tókst samt sem áður að sjá um stórskemmtileg námskeið. Einnig tókst vel að sinna börnum sem þurftu

aukstuðning auk þess sem félagsþjónustan útvegaði sérstakan stuðning við þau börn sem þess þurftu.

Starfsmenn sóttu námskeið í byrjun júní. Það voru skyndihjálparnámskeið og leikjanámskeið á vegum BÍS, *Verndum þau* á vegum *Barnaverndarstofu* og nokkrir sóttu sérstakt sundvarðanámskeið á vegum íþróttafulltrúa Garðabæjar. Forstöðumenn héldu starfsmannagleði þrisvar sinnum yfir sumarið og jók það á samheldni og ánægju starfsmanna.

Innheimta námskeiðsgjalda gekk mjög vel þetta sumar. Notast var við skráningakerfið Nóra til að halda utan um greiðslurnar. Þetta gerði ferlið mjög einfalt þar sem foreldrar verða að velja að borga með korti eða fá sendan greiðsluseðil við skráningu. Þegar börn komast inn á námskeið af biðlista þarf þó að fylgja greiðslu eftir þar sem foreldrar fá enga tilkynningu frá kerfinu um að þau eigi eftir að borga.

Efnisöflun gekk vel og nýtur félagið velvilja nokkurra kaupmanna sem sjá því fyrir hentugu efni. Í lok sumars skiluðu umsjónarmenn mjög greinargóðri skýrslu sem inniheldur margar ábendingar um það sem gekk vel og hvað gera má betur. Hún mun nýtast vel við undirbúning næsta sumars.



Bestu kveðjur frá Vífli!

Garðabæ 28. febrúar 2018



Hafdís Bára Kristmundsdóttir
félagsforingi